



@ Björgvin Hilmarsson



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF MARSMÁNAÐAR 2025

🏠 VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

✉️ FV@VESTFIRDIR.IS
🌐 WWW.VESTFIRDIR.IS
☎️ 450-6600

UM RÉTTLÆTI, SANNGIRNI OG JAFNRÆÐI

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Þó veturinn sé ekki búinn má segja að það sem af er hafi verið frekar mildur vetur á mælikvarða okkar Vestfirðinga. Síðustu vikur hafa verið nokkuð þægilegar þegar kemur að samgöngum á svæðinu en þó hefur til dæmis ekki verið opið yfir Dynjandisheiðina um helgar þrátt fyrir að komið hafi dagar sem ekki hefur þurft að moka í miðri viku. Þessi vetur er þó sá þriðji sem mokað er yfir Dynjandisheiði á virkum dögum og hefur samgangur á milli svæða aukist til muna frá því sem áður var og er það vel.

Þrátt fyrir þennan milda vetur er vetrarþjónusta á vegum okkur ofarlega í huga. Vetrarþjónusta á vegum er stórmál á Vestfjörðum og verður um ókomin ár. Með góðri vetrarþjónustu er hægt að auka lífsgæði á svæðinu mjög mikið. Vetrarþjónustan skapar öryggi og fyrirsjáanleika fyrir bæði samfélag og atvinnulíf. Með góðri vetrarþjónustu eigum við kost á að búa í virku samfélagi því allt frá nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu til samveru með vinum og kunningjum byggir á góðri vetrarþjónustu.

Á opnum fundi Vegagerðarinnar á Patreksfirði fyrr í mánuðinum kom skýrt fram að við Vestfirðingar getum ekki búist við neinum umbótum þegar kemur að vetrarþjónustu. Þetta var síðan ítrekað í frétt RÚV um málið þann 21. mars sl. þar sem fram kemur meðal annars að staðsetning verktaka skipti máli þegar kemur að vetrarþjónustu.

Reglur um vetrarþjónustu byggja á annars vegar fjarlægð milli staða þaðan sem þjónusta er veitt og hins vegar á umferðartölum. Það hlýtur öllum að vera ljóst að umferð eykst ekki að vetrarlagi um ófæra vegi. Ef ræða á sanngirni og jafnræði ætti þjónustan að miðast frekar við vegfarendur og samfélög en staðsetningu verktaka Vegagerðarinnar sem virðist ráða nokkru í lengd þjónustu á Vestfjörðum miðað við áður nefnda grein RÚV um málið.



Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng eru milljarðaframkvæmdir sem nýtast ekki alveg sem skyldi til að bæta mannlífið á Vestfjörðum yfir veturinn vegna ónógrar vetrarþjónustu. Knýjandi þörf er fyrir akstur alla daga vikunnar á þessari leið til ýta undir og efla enn okkar öflugna atvinnulíf, menningu, menntun og samfélagið allt.

Aðgerðarleysi þegar kemur að vetrarþjónustu hefur verið klætt í búning jafnræðis og sanngirni og að reglur um vetrarþjónustu séu bundnar af reglugerð ráðherra frá árinu 2018 sem þá var byggð á reglum frá árinu 2011. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um, hefur enginn vilji verið til þess af hálfu ráðherra þessa málaflokks síðustu ár að breyta þessum reglum, til að koma til móts við umtalsverðan uppgang á Vestfjörðum og breytingar á samgöngumynstri. Í þessu sem mörgu reynir á nýjan ráðherra sem þarf að gera breytingar á reglugerð innviðaráðherra um vetrarþjónustu þannig að tekið sé tillit til sérstöðu Vestfjarða hvað varðar fjarlægðir milli þéttbýlisstaða sem gera að verkum að á leið inn og út af svæðinu eru meiri fjarlægðir milli staða en annars staðar á landinu.

Senn líður að páskaum og þá verður stórhátíðin okkar á Vestfjörðum Aldrei fór ég suður haldin á Ísafirði og vænta má myndarlegrar dagskrár Skíðavikunnar sem teygir anga sína um alla norðanverða Vestfirði. Við getum vonandi öll notið menningar og mannlífs saman um páskana því það verður sannarlega nóg um að vera.

ÞRÍJÁR GLÓSUR UM FJÁRMÁLAÁÆTLUN

Fjármálaáætlun hefur nýlega verið lögð fram þegar þessi orð eru skrifuð. Ritstjórinn bað um pistil í fréttabréfið pronto, og svarið var harðsoðin fyrstu viðbrögð við þessari fjármálaáætlun út frá sjónarhóli Vestfjarða.

Fyrsta atriðið er að gert er ráð fyrir tvöföldun veiðigjalds. Það má hafa samúð með sjónarmiðum um að almenningur eigi að njóta afraksturs fiskiauðlindarinnar og það er vel ef þær tekjur eru nýttar til góðra verka sem lýðræðislega kjörið fjárveitingarvald ákveður. Hitt er annars augljóst að staðbundin áhrif breytinganna eru líkleg til að verða töluverð, og óvissa leggst jafnan illa í fólk. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru byrjuð að gera greiningar á þessu, eins og Vestfjarðastofa og vonandi ekki langt að bíða þar til hægt er að sýna fram á hvernig aðgerð sem þessi komi til með að líta út í reynd fyrir Vestfirði. Það verður því að gera þá kröfu til stjórnvalda að sjávarplássin á Vestfjörðum með misstórar útgerðir og vinnslu verði ekki meðafli þegar veiðigjaldatrollið er dregið inn.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að halda of háum sérstökum skatti á skemmtiferðaskip, sem ranglega er kallaður innviðagjald þó gjaldið tengist ekki innviðum að neinu leyti. Þetta kemur að vísu ekki beinlínis fram í fjármálaáætlun, en hefur komið fram í fréttum og er væntanlega undirliggjandi tekjuhlið áætlunarinnar. Í málflutningi okkar höfum við bent á að 8% af ferðamönnum sem koma til Íslands heimsækja Vestfirði, en af skemmtiferðaskipunum er þetta hlutfall 2/3.



Gylfi Ólafsson

Formaður stjórnar Vestfjarðastofu

Sértækur skattur á skemmtiferðaskip, til viðbótar við tollalagabreytingar, kemur því mjög hart niður á Vestfjörðum. Hlutfallslega breytingin er mest í höfnum sem hafa tekið á móti færri skemmtiferðaskipunum, svo sem Bolungarvík, Patreksfirði og Flatey, en í krónum talið mest á Ísafirði. Þetta er slæm ákvörðun þar sem fórnað er meiri hagsmunum fyrir minni.

Í þriðja lagi eru það samgöngurnar. Þar er gert ráð fyrir aukningu í samgöngumál, bæði viðhald og framkvæmdir, auk þess sem farsímasamband á að vera komið á alla stofnvegi á tímabili fjármálaáætlunar. Það er skref aftur á bak miðað við fyrri áætlunir um að farsímasamband væri komið á stofnvegakerfið í lok næsta árs. Flug er ekki nefnt sérstaklega, en líkt og flestir vita hefur Icelandair gefið út að fyrirtækið muni hætta áætlunarflugi til Ísafjarðar árið 2026. Við hljótum því að gera ráð fyrir að almenningsamgöngur í lofti verði tryggðar með sómasamlegum hætti frá og með næsta ári.

Nú er boltinn hjá þingmönnum okkar. Þetta getur ekki staðið svona.



MÍ-INGAR FRÆDDUST UM SAMFÉLAGSLEGA NÝSKÖPUN

Þann 3.mars komu góðir gestir á Vestfjarðastofu er nemendur í áfanganum hugmyndir og nýsköpun við Menntaskólann á komu við og fengu fræðslu um samfélagslega nýsköpun. Vestfjarðastofa er þátttakandi í NPA-verkefni MERSE sem snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum og var kynningin liður í því að auka meðvitund unga fólksins um hvernig það getur með nýsköpunarverkefnum haft áhrif á samfélagið sitt til góðs.

Hugmyndir og nýsköpun er skylduáfangi hjá þeim sem taka stúdentspróf og komu tæplega 40 nemendur í heimsókn í tveimur hópum ásamt kennara sínum Ólöfu Dómhildi Jóhannsdóttur. Eftir stutta fræðslu tóku ungmennin smá hugarflug um hvað væri hægt að skapa undir formerkjum samfélagslegrar nýsköpunar á fjórum sviðum: náttúru og umhverfi, ungt fólk á Vestfjörðum, nærsamfélagi og hópum með skertan aðgang.



Eitt af höfuðeinkennum samfélagslegrar nýsköpunar er að þar bregst fólk við þeim götum í samfélaginu sem ríki og sveitarfélög eru ekki að fylla upp í með sínum verkefnum. Hjá ungmennunum var því eðlilega mikið um hugmyndir sem sneru að aukinni þjónustu við þau, líkt og ungmennahús og fjölbreyttari afþreyingarmöguleikar. En einnig létu þau sig samgöngur og innviði varða og kölluðu eftir betri vegum, auknum almenningssamgöngum og bensíndælum á Suðureyri. Nemarnir vinna nú að því að skapa sín eigin nýsköpunarverkefni sem verða kynnt á árlegri Vörumessu MÍ sem verður haldin í húsnæði Vestfjarðastofu í byrjun apríl. Viðburðurinn verður öllum opin og verður spennandi að sjá hvaða nýsköpunarverkefni þau koma til með að kynna fyrir gestum.

ATVINNURÁÐGJAFAR Á FUNDI Í TROMSÖ

Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri hjá Vestfjarðastofu og Anna Lind Björnsdóttir verkefnastjóri SSNE lögðu af stað til Tromsö í Noregi mánudaginn 10. mars til að læra um eflingu atvinnuráðgjafar.

Markmið ferðarinnar var að fara á námskeiðið Target circular þar gengur út á að styðja betur við frumkvöðla og fyrirtæki með markvissari ráðgöf. Target Circular Strategic Entrepreneur prógrammið. Prógrammið byggir á niðurstöðum þriggja umfangsmikilla slembirannsóknna sem hafa sannað að ákveðnar ráðgjafar- og þjálfunaraðferðir eru mun árangursríkari til að auka árangur frumkvöðla en aðrar. Nánar um verkefnið fyrir áhugasama hér.

Samstarf atvinnuráðgjafa hefur eflst á síðustu árum og er miðlun þekkingar milli landssvæða orðin meiri. SSVN bauð tveimur atvinnuráðgjöfum að koma á vinnustofu verkefnisins í Tromsö þar sem þau eru þátttakendur í verkefninu. Til að nýta tímann og ferðalagið vel var farið í heimsókn til Innovasjon Norge Arktis, Blue Vision, Norges Råfisklag, FHF, Norrinova, MABIT, Senter for hav og Arktis. Það var okkar maður frá Þingeyri Gunnar Davíðsson sviðsstjóri hjá Troms fylkeskommune sem skipulagði heimsóknirnar og viljum við þakka honum fyrir frábært skipulag og móttökur.

Frændur okkur í Noregi tóku höfðingjalega á móti okkur og hlökkum við til að vinna úr þessum nýju tengingum. Það er alltaf fróðlegt að læra af Norðmönnum þar sem við eigum margt sameiginlegt og getum miðlað þekkingu á milli svæða. Við komum heim fullar af ferskum hugmyndum eftir þennan góða innblástur.



Guðrún Anna og Anna Lind á 70°N

GLEÐILEGA PÚKAHÁTÍÐ!

Púkinn, barnameningarhátíð Vestfjarða hófst þann 31. mars og stendur til 11. apríl. Það er einstakt gleðiefni að geta boðið vestfirskum börnum upp á skemmtilega menningarviðburði heima í héraði og leyfa þeim að kynnst ólíkum listgreinum. Hryggjarstykki hátíðarinnar í ár eru leiklistarsmiðjur með Birgittu Birgisdóttur og var öllum grunnskólum á svæðinu boðið að þiggja slíkt fyrir nemendur á miðstigi. Unnið verður með aðferðafræði Theatre of the oppressed sem stuðlar að valdeflingu, samkennd og lausnaleit í gegnum leik og samtal. Í smiðjunum fá nemendur að kanna eigin rödd, tjá sig í gegnum leiklist og takast á við raunveruleg viðfangsefni á kraftmikinn og skapandi hátt. Birgitta Birgisdóttir hefur gert garðinn frægan sem leikkona og nú í seinni tíð einnig sem leikstjóri. Hennar síðasta verkefni var einmitt að leikstýra krökkunum í Menntaskólanum á Ísafirði í hreint stórkostlegri uppfærslu á söngleiknum GREASE.

Ungmennaráð Vestfjarða valdi þema fyrir Púkann í ár sem er vestfirskar þjóðsögur og er það mjög sýnilegt í flestum þeirra viðburða sem Púkinn styrkti fyrr á árinu. Ungmennaráðið hefur einnig valið þema fyrir Púkann 2026 sem haldinn verður dagana 27.apríl-8.mai og verður þá unnið með hafið sem viðfangsefni.

Púkinn er styrktur af Barnameningarsjóði og hátíðin er jafnframt í samstarfi við List fyrir alla um viðburði.

Hér er að finna viðburðadagatal hátíðarinnar.



VINNUSTOFUR UM VETRARFERÐAÞJÓNUSTU

Í apríl mun Markaðsstofa Vestfjarða halda vinnustofur fyrir aðila hennar sem hafa áhuga á að þróa vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum. Þar verður unnið að mótun hentugra ferðapakka sem hægt er að selja til erlendra ferðaskrifstofa. Við munum greina helstu áskoranir, leita lausna og styrkja samstarf ferðaþjóna með það að markmiði að byggja upp spennandi ferðir sem hægt er að markaðssetja erlendis.

Leitast verður við að útbúa lista yfir þá sem bjóða upp á þjónustu á svæðinu yfir vetrarmánuðina sem hægt er að deila með þeim sem leita eftir vöru og þjónustu á Vestfjörðum að vetri. Óskað verður eftir að þátttakendur í vinnustofunum skrifi undir viljayfirlýsingu þess efnis að þeir vilji raunverulega veita þjónustu utan háannatíma. Við viljum halda fundi á sem flestum svæðum, en fjöldi funda ræðst af þátttöku. Fundirnir verða haldnir í litlum hópum til að tryggja gott samstarf og vinnuframlag allra.

Skipulag vinnustofa eftir svæðum:

- 3. apríl Dokkuni – Norðursvæði Vestfjarða
- 8. apríl Skútanum – Suðursvæði Vestfjarða
- 9. maí Pakkhúsið – Strandir

[Skráning á vinnustofur er hér](#)

Við hvetjum alla áhugasama ferðaþjóna til að taka þátt og bendum á að hægt er að skrá sig í [Markaðsstofu Vestfjarða með því að fylgja þessum hlekk](#). Athugið að aðilar MV eru sjálfkrafa hluti af [Sóknarhópi Vestfjarða](#).



Markaðsstofa
Vestfjarða

Mótun framtíðar
ferðaþjónustu á
Vestfjörðum í gegnum
áfangastaðaáætlun

MV Í JAPAN - FERÐASAGA SÖLVA

Dagana 26. og 27. febrúar var haldin Skandinavíu-vinnustofa ferðarisans Kuoni Tumlare í Osaka og Tókýó. Markmið vinnustofunnar var að tengja saman ferðaskipuleggjendur og búa til nýjar vörur fyrir Austur-Asíu markað. Kaupendurnir voru ferðaskipuleggjendur frá Japan, Tævan og Kóreu, á meðan seljendur komu frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Alls voru um 200 kaupendur sem sóttu vinnustofuna til að kynna sér vöruframboðið, og þar af átti ég fund með 20 áhugasömum ferðaskipuleggjendum. Fundirnir gengu vonum frammar og nú þegar þessi orð eru skrifuð veit ég af fimm ferðum sem eru á teikniborðinu og gætu komið til framkvæmda frá næsta hausti og út árið 2026.

Langt en þægilegt ferðalag

Ferðalagið til Japan tók drjúgan tíma, en alls tók það 28 klukkustundir að fara frá Keflavíkurlflugvelli til Osaka og innihélt ferðin þrjú flug. Finnair reyndist vera með mjög hentugar tengingar frá Íslandi til Japans í gegnum Helsinki, sem gerði ferðalagið nokkuð þægilegt þrátt fyrir lengd þess. Ég var heppinn með veður alla daga nema þann síðasta, þar sem það snjóaði á mig í Tókýó. Mér þótti það eiginlega viðeigandi, eins og veðrið væri að undirbúa mig fyrir heimkomuna í vestfirska veturinn.



Maturinn og heimafólkið frábært

Ég hafði ekki mikinn tíma til að upplifa Osaka en Tókýó heillaði mig upp úr skónum. Þar dvaldi ég þó aðeins í miðborginni, en þessi mikla borg er heill heimur út af fyrir sig. Það sem stóð upp úr var hversu almennilegt, kurteist og hjálpsamt fólkíð var. Maturinn var stórkostlegur og það var gaman að upplifa andstæðuna milli þess að vera lítill Vestfirðingur frá fámennum stað og svo skyndilega vera í stærstu höfuðborg heimsins.

Maturinn í Japan yfir höfuð olli ekki vonbrigðum – sama hvort um var að ræða sjávarfang eða landbúnaðarvörur. Ég smakkaði allt milli himins og jarðar; loðnu, djúpsteikta skötu, laxahrogn og wagyu-kjöt og var hver einasta máltíð upplifun út af fyrir sig.



Nábrækurnar nutu vinsælda

Vinnustofurnar í bæði Osaka og Tókýó voru frábærar. Skipuleggjendur Kuoni Tumlare lögðu áherslu á að kaupendur og seljendur myndu vinna saman að því að skapa eitthvað nýtt og spennandi – og Vestfirðir eru fullkominn valkostur í þeim efnum, enda nýr og óþekktur áfangastaður í hugum flestra asískra ferðaskipuleggjenda. Við ræddum við fjölbreytt fyrirtæki, þar á meðal nokkra aðila frá Tævan sem sýndu mikinn áhuga. Þá voru einnig samtöl við fyrirtæki sem skipuleggja skólaferðir og útivistiferðir, auk þess sem við ræddum mögulegt samstarf við japanskan áhrifavald og grínista, Masaaki Hirai, sem hefur mikinn áhuga á fuglalífi og Sigurrós.

Ferðaskipuleggjendum þótti einstaklega gaman að heyra af norðurljósunum og náttúrufegurð Vestfjarða, en það sem vakti hvað mesta lukku var sagan um galdrana á Ströndum og sérstaklega nábrækurnar. Það var augljóst að sérstaða er lykilatriði þegar kemur að því að selja Vestfirði sem áfangastað. Norðurljós eru alls staðar á Íslandi og lundar eru víða, en það eru ekki allir með galdrasögur eins og á Ströndum!



Vinir í austri

Einn af hápunktum ferðarinnar var heimsókn mín í sendiráð Íslands í Tókýó. Ég átti fyrirfram skipulagðan fund þar með Ragnari Þorvarðarsyni, varamanni sendiherra, og Ryosuke Hosaka (Rio), viðskiptafulltrúa sendiráðsins. Við ræddum um ferðamál og hvernig hægt væri að kynna Vestfirði betur fyrir japönskum ferðamönnum. Einnig ræddum við um aðrar atvinnugreinar sem stundaðar eru á Vestfjörðum, eins og sjávarútveg, laxeldi og þörungurækt, og hvernig sendiráðið gæti aðstoðað við að koma á viðskiptasamböndum. Fundurinn var afslappaður og ánægjulegur, og það var greinilegt að mikill áhugi var fyrir því að efla tengslin milli Japans og Vestfjarða á fleiri sviðum en eingöngu ferðaþjónustu.

Mikilvægi sérstöðunnar

Helsti lærdómurinn úr ferðinni, sérstaklega úr vinnustofunni, er mikilvægi þess að hafa einstakan sölupunkt (e. unique selling point). Þetta sást mjög greinilega í viðbrögðum við galdrasögunum frá Ströndum – það er eitthvað sem enginn annar er með. Vestfirðir eiga sér einstakan karakter og jafnvel karaktera ef út í það er farið – og það er lykilatriði að leggja áherslu á það í markaðssetningu á svæðinu. Ferðin til Japans var bæði lærdómsrík og skemmtileg, og hún undirstrikar hversu mikla möguleika Vestfirðir hafa á þessum markaði. Nú tekur við eftirfylgni, og ég hlakka til að sjá hvernig þetta samstarf þróast á næstu misserum.

AÐGERÐ C.1: ÞRÍR STYRKIR TIL VESTFJARÐA

Eyjólfur Ármannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur úthlutað styrkjum að upphæð 140 milljónum kr. til þrettán fjölbreyttra verkefna til að efla byggðir landsins. Framlag til styrkjanna kemur af byggðaáætlun (aðgerð C.1 – Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða).

Markmiðið með aðgerðinni er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Verkefni sem talin eru hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi og hvetja til nýsköpunar verði í forgangi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga sendi inn fjórar umsóknir og hlutu þrjú verkefnanna brautargengi:

Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags

- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Styrkuppþæð: 9,4 m.kr.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur sameinuðust árið 2024. Svæðið hefur átt undir högg að sækja í áratugi og umfjöllun oft reynst íbúum erfið. Verkefnið miðar að því að styrkja sjálfsmynd svæðisins og vinna með sveitarfélaginu og íbúum að því að skapa framtíðarsýn fyrir nýtt sveitarfélag og byggja á henni ímyndarsókn.

Tenging fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum

- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Styrkuppþæð: 10,6 m.kr.

Verkefnið gengur út á að auka fjölbreytni í atvinnulífi á Vestfjörðum með því að kynna vannýttar auðlindir og staðsetningar fyrir fjárfestum sem hafa áhuga og getu til nýfjárfestinga í matvælaframleiðslugreinum eins og landeldi, smápörungaframleiðslu og líftækni, ásamt öðrum greinum sem styðja við verðmætasköpun á svæðinu.


Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum

- Styrkþegi: Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Styrkuppþæð: 10 m.kr.

Verkefnið snýr að því að þróa samræmda móttökufærla fyrir öll sveitarfélög á Vestfjörðum til að veita nýjum íbúum betri yfirsýn yfir þjónustu, félagsstarf, menningu og samfélög. Annar hlutinn snýr að því að vinna með sveitarfélögum að því að finna leiðir innan stjórnsýslunnar til þess að raddir íbúa af erlendum uppruna nái að heyrast.

Alls bárust níttján umsóknir fyrir um 437 m.kr. en heildarkostnaður verkefnanna var rúmlega 800 m.kr. Þriggja manna valnefnd fór yfir umsóknir og gerði tillögur til ráðherra. Valnefndina skipa Sigurður Arnason, sérfræðingur hjá Byggðastofnun, sem jafnframt er formaður, Elín Gróa Karlsdóttir, fjármálastjóri hjá Ferðamálastofu og Snorri Björn Sigurðsson fyrrverandi forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar. Skipun valnefndar og mat umsókna voru í samræmi við reglur um úthlutun ráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar. Byggðastofnun annast umsýslu verkefnastyrkjanna.

Staðfærð frétt af síðu Stjórnarráðs Íslands. [Hér](#) má lesa fréttina í heild sinni






VESTFJARÐASTOFA Á KLASAVIÐBURÐI Í CORK

Dagana 19.-20. mars var haldinn samstarfsfundur í Cork á Írlandi í tengslum við sameiginlegt kall eftir klasaverkefnum á vegum Interreg Aurora og Interreg Northern Periphery and Arctic (NPA) áætlana Evrópusambandsins. Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnisstjóri hjá Vestfjarðastofu tók þátt í viðburðinum, en hún er nú hluti af teymi Vestfjarðastofu sem tekur þátt í MERSE, NPA-verkefni sem snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum.

Samstarfsfundurinn í Cork bauð verkefnisaðilum tækifæri til að hittast í eigin persónu, kynna sér önnur verkefni og finna rétta samstarfsaðila til að þróa klasaverkefni. Dagskráin innihélt meðal annars kynningu á því hvað felst í klasakallinu, tengslavettvang fyrir gestina og örkyrningar á nokkrum fyrirhuguðum verkefnum. Fyrri daginn var boðið til sameiginlegs kvöldverðar á River Lee hótelinu í Cork, þar sem meðal annars borgarstjóri Cork, Dan Boyle, ávarpaði samkomuna og lýsti ánægju sinni með þau áhrif sem ólík samstarfsverkefni á vegum sjóða Evrópusambandsins hefðu haft fyrir Írland.



Samstarfsfundurinn fór fram í Cork Centre for Architectural Education og þangað mættu gestir frá þeim þjóðum sem kost eiga á þátttöku í Norðurslóðaverkefnum sem eru Finnland, Svíþjóð, Noregur, Írland, Grænland, Færeyjar og Ísland. Auk áðurnefndra fundarstarfa var gestunum boðið í siglingu niður ána Lee sem tengir Cork til sjávar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Interreg Aurora og Interreg Northern Periphery and Arctic (NPA) áætlanirnar bjóða sameiginlega upp á klasaverkefni. Verkefni mega aðeins ná yfir að hámarki ár og eru því með öðru sniði en til að mynda NPA verkefni sem yfirleitt ná yfir lengra tímabil með hærri fjárhæðum. Klasaverkefni eru hönnuð til að sameina verkefni sem hafa verið fjármögnuð af hvorri áætlun fyrir sig á tímabilinu 2021-2027. Þar verður bæði hægt að stofna til samstarfs ólíkra þjóða (trans-national) eða yfir landamæri (cross-border). Íslandi gefst aðeins kostur á fyrirnefnda samstarfinu og þurfa í verkefni að vera í það minnsta tveir aðilar sem koma úr NPA-verkefni og einn sem kemur úr Aurora-verkefni. Kallið opnar þann 8. september og stendur opið til 6. október. Með klasaumsóknum er ætlað að hvetja til samstarfs með það að markmiði að bæta niðurstöður og auka dreifingu þegar unnin verkefna, sem leiðir til aukinna áhrifa fyrir samfélög á norðurslóðum. Við hjá Vestfjarðastofu erum vongóð um að fundurinn hafi tryggt okkur þátttöku í umsókn fyrir haustið þar sem við í samstarfi við sænska vini okkar úr MERSE sem starfa hjá Mid Sweden University lögðum drög að nýju verkefni byggðu á þeirri þekkingu sem þar hefur aflast.



FJÁRSJÓÐUR FJALLA OG FJARÐA FINNST Í REYKHÓLAHREPPI

Um síðustu helgi fór fram tveggja daga íbúáþing í Reykhólahreppi og þar með hófst formleg þátttaka íbúa Reykhólahrepps í verkefninu Brothættar byggðir. Vel var mætt til þingsins og tóku um 35 íbúar þátt, en auk þeirra voru þar fulltrúar Vestfjarðastofu og Byggðastofnunar. Þinginu stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI. Að verkefninu standa: Byggðastofnun, Reykhólahreppur, Vestfjarðastofa og íbúar í Reykhólahreppi. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum þessara aðila og hefur, líkt og ár hefur komið fram hjá okkur, Embla Dögg Bachmann tekið til starfa sem verkefnisstjóri. Meðal þess sem lá fyrir íbúáþinginu var að velja verkefninu nafn og hlaut það nafngiftina Fjár sjóður fjalla og fjarða.

Málefnalegar og einlægar umræður

Fjöldmörg mál voru tekin til umræðu á íbúáþinginu, í samtals 17 málefnaþópum og mun verða horft til allra málefna í mótun verkefnisáætlunar. Aldrei, í tengslum við verkefnið „Brothættar byggðir, hefur verið jafn frjó og einlæg umræða á íbúáþingi, um samskipti og mátt íbúanna til að skapa gott samfélag. Húsnæðismál voru íbúum ofarlega í huga, m.a. þörf fyrir íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, til að stuðla að nýsköpun, en síðast en ekki síst húsnæði eða bættu aðstöðu fyrir félagslíf, íþróttir og ýmsa viðburði. Meðal annars var velt upp möguleikum á einföldum breytingum til að nýta húsnæði sem þegar er til staðar.

Mikill áhugi er á bættri aðstöðu fyrir íþróttastarf til að skapa aukna fjölbreytni, eins og t.d. fyrir fótbolta, frjálsíþróttir og bogfimi.

Íbúar sjá mikil tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. tengdri landbúnaði og var bent á mikilvægi gæða í uppbyggingu ferðaþjónustu. Rætt var um tækifæri tengd menningu og arfleifð og sérstöðu svæðisins hvort heldur horft er til lands eða sjávar, Breiðafjarðar, eyja og skerja, fjalla og dala eða búsetu og byggðar.

Töldu þinggestir samfélagið í Reykhólahreppi hafa alla möguleika á að eflast á ýmsum sviðum. Heita vatnið, stærsta auðlind Reykhólahrepps, er vannýtt auðlind, en jafnframt sú allra mikilvægasta, til að styrkja byggð og atvinnulíf í sveitarfélaginu, til framtíðar. Til að svo megi verða, þarf að endurskoða reglur um nýtingu og nýtingarrétt að mati íbúa.



Öflugir fulltrúar ungu kynslóðarinnar á þinginu

Sérstaklega var ánægjulegt að fulltrúar yngri kynslóðarinnar tóku virkan þátt á íbúðþinginu, m.a. í umræðum í málefnaþópum. Einnig kynntu tvær stúlkur á unglingastigi í Reykhólaskóla hugmyndir nemenda að framtíðarsýn samfélagsins. Yfirskriftin var Reykhólahreppur árið 2030. Nemendur sjá meðal annars fyrir sér að risin verði fleiri hús og fyrirtæki s.s. ísbúð, hótél, kaffihús, hárgreiðslustofa, skemmtistaðir, löggustöð, rannsóknarstöð og bakarí. Einnig að hægt verði að stunda fjölbreyttar íþróttæfingar s.s. körfubolta, handbolta, fimleika, ballett og mótorkross og að aðstaðan við sundlaugina verði bætt s.s. með nýrri vaðlaug, stærri pottum, rennibraut, meira sundlaugardóti og sánu. Ýmis fleiri atriði komu fram í kynningu unga fólksins og hægt er að fullyrða að unga fólkid er framtíðin og að hugmyndir þeirra og kraftur muni án efla samfélagid í Reykhólahreppi til framtíðar.

Fréttin byggir á frétt Byggðastofnunar af íbúðþinginu og ljósmyndari er Kristján Þ. Halldórsson hjá Byggðastofnun.



GULLKISTAN VESTFIRÐIR: VESTFJARÐASÝNING Í SEPTEMBER

Mánudaginn 17. mars var haldin skapandi vinnustofa á Vestfjarðastofu til að undirbúa sýninguna Gullkistan Vestfirðir. Vinnustofan var opin öllum sem eiga aðild að Sóknarhópi Vestfjarða og mættu um 40 manns til hennar. Gullkistan Vestfirðir er Vestfjarðasýning sem verður haldin 6. september 2025 í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Á sýningunni gefst vestfirskum fyrirtækjum og annarri starfsemi á svæðinu tækifæri til að kynna sig fyrir Vestfirðingum og gestum.

Vinnustofan hófst á sameiginlegum hádegisverði þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra og María Rut Kristinsdóttir, þingkona Norðvesturkjördæmis heilsuðu upp á gesti. Síðan leiddi Bragi Valdimar Skúlason vinnu þar sem þátttakendur komu fram með hugmyndir um hvernig þeir vildu helst sjá sýninguna og viðburði henni tengda.

Í fyrstu var farið yfir markmið, hver ætti að vera kjarni sýningarinnar og rætt hvaða sögu við viljum segja. Niðurstaðan var í stuttu máli að kynna nýsköpun, mannauð, þekkingu, menningu og okkar samheldna samfélag. Vildi hópurinn gjarnan að teflt yrði þar fram hversu framarlega við stöndum í nýsköpun á mörgum sviðum – og höfum lengi gert. Einnig að sýningin bæri merki þess hversu mikill kraftur og bjartsýni ríkir á Vestfjörðum – og hvernig íbúum hefur lánast að bæði vernda og nýta náttúruna. Á sýningunni verður kynnt hið öfluga atvinnulíf sem þrífst á Vestfjörðum, en ekki síður hlutir eins og tækifæri í menntun og einstök menning. Þá á hún að fanga þann uppgang sem einkennir vestfirskt samfélag um þessar mundir og hvað það er gott að búa á Vestfjörðum. Gullkistunni Vestfirðir er ætlað að sameina Vestfirðinga og kynna það sem er að gerast á Vestfjörðum.

Í kjölfarið á sýningunni á Ísafirði verða svo viðburðir á öllum svæðum þar sem fyrirtækin bjóða heim undir merkjum Gullkistan Vestfirðir. Með þessu viljum við auka samtakamátt og kynnast betur.

Nánari upplýsingar um þátttöku í sýningunni og tengdum viðburðum verða sendar út síðar.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við gudrunanna@vestfirdir.is eða solvi@vestfirdir.is




GERVIGREINDIN GAGNLEG Í GERÐ STYRKUMSÓKNA

Sameiginleg fyrirlestraröð landshlutasamtakanna, Forvitnir frumkvöðlar, hélt áfram 4.mars og þar sagði Atli Arnarson frá notkun gervigreindar við gerð styrkumsókna. Fór hann yfir með hvaða hætti notkun gervigreindarlausna getur gagnast við umsóknaskrif í ólíka sjóði og nokkrar þær lausnir sem í boði eru. Atli sagði frá mikilvægi góðra skipana og leiddi í gegnum ferli sem sýndi hvernig það gæti litið út. Þá kom hann inn á takmarkanir gervigreindarinnar og ábyrga notkun þessarar ört vaxandi tækni.

[Fyrirlestur Atla má horfa á hér:](#)

Fræðsluhádegi landshlutasamtakanna eru haldin fyrsta þriðjudag hvers mánaðar Landshlutasamtökin eru auk Vestfjarðastofu: Austurbrú, SASS, SSNE, SSV, SSS, og SSV. Í forvitnum frumkvöðlum er boðið upp á fjölbreytta fræðslu fyrir frumkvöðla og önnur áhugasöm um nýsköpunarsenuna. Fræðsluhádegin eru öllum opin og að kostnaðarlausu!

Erindin eru haldin á Teams og hefjast þau kl.12. Ráðgert að hvert erindi verði ekki lengra en 45 mínútur. Í kjölfar hvers erindis gefst kostur á að leggja fram spurningar.



ORKUSKIPTI SMÁBÁTA Í SJÁVARÚTVEGI - VEFÞING



Eimur og Vestfjarðastofa bjóða til vefþings, fimmtudaginn 3. apríl næstkomandi, þar sem fjallað verður um áskoranir og tækifæri við orkuskipti smábátaflotans.

Hvað þarf til að orkuskipti smábáta verði að veruleika?

Hvaða endurnýjanlegu orkugjafar verða í boði til notkunar á sjó?

Hvaða reglur um haffærni rafmagnsbáta munu gilda?

Sérfræðingar, hagsmunaaðilar og sjómenn munu ræða þessi og önnur mikilvæg mál eins og kostnað, hreinorkuúvilnanir og áhrif breytinganna á byggðapróun og samfélag.

UMSÓKNARFRESTUR: STYRKTA SJÓÐUR HAFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR



Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr styrktarsjóði Hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025.

Markmið með sjóðum er að styrkja og bæta bæjarbraginn og eru í ár 8 milljónir til úthlutunar. Sjóðurinn er að þessu sinni þrískiptur þar sem styrkja skal viðburðahald, samfélags- eða feegrarverkefni sem efla samfélagið í Ísafjarðarbæ. Sjóðnum var komið á laggirnar í fyrrasumar og þá var aðeins viðburðahald styrkt, en nú er búið að útvíkka reglur sjóðsins og auka úthlutunarfé.

70. FJÓRÐUNGSPING AÐ VORI

70. Fjórðungsþing að vori verður haldið miðvikudaginn 2. apríl 2025 í Bryggjusalnum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Vinnufundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefst kl.11:00 og stendur til kl.12:00. Þá verður hádegishlé en þingið hefst kl.13:00 og verða þinglok um kl.16:00.

Frekari upplýsingar er að finna [hér](#)